

Ár 2008 , mánudaginn 28 apríl er dómþing áfrýjunardómstóls KSI háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 2/2008
Höttur knattspyrnudeild
gegn
Mótanefnd KSI.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp aga og úrskurðarnefnd KSI þann 17. apríl sl.

Úrskurðarorð orð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

“ Ákvörðun mótanefndar KSI um að Afturelding taki laust sæti í B deild Íslandsmóts karla 2. Flokks 2008 stendur óhöggud.“

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og er þess aðallega krafist að ákvörðun mótanefndar um að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks karla verði hrundið og viðurkennt að lið Hattar skuli taka sæti í B deildinni. Til vara er þess einungis krafist að ákvörðunin verði ógilt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

II

Um málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

III

Það er álit dómsins að eins og mál þetta er vaxið beri að fallast á það með aga og úrskurðarnefnd KSI að í umrætt sinn hafi mótanefnd KSI farið að lögum og ekki er verði fallist á sjónarmið áfrýjanda um hið gagnstæða.

Í þessu felst að dómurinn telur rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Guðmundur Pétursson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert Sævarsson